

Ragnar Ingi Adalsteinsson

# Limrur

Fyrir unglíngastig  
grunnskóla

Eina limru ég læt herna flakka  
um skeggið á Brandi á Bakka.  
Niður kjálkunum frá  
gegnum klof hans það lá  
og það endaði uppi í hnakka.

(Jónas Árnason)



## Efnisyfirlit

Hrynjandi limrunnar.....	5
Forliðir og stúfar rekast stundum á .....	9
Stuðlasetning í limrum.....	13
Rím í limrum.....	19
Limrur, limrur, limrur.....	21

### **Limrur - fyrir unglingastig grunnskóla**

ISBN 978-9979-0-1879-7

© 2019 Ragnar Ingi Aðalsteinsson

© 2019 Teikningar: Védís Huldudóttir

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2019

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

# Inngangur

Limra heitir bragarháttur sem er tiltölulega nýr í íslenskum kveðskap. Limran var vinsæl í Bretlandi á 18. öld og barst þaðan meðal annars til Bandaríkjanna. Ótölulegur grúi er til af limrum á ensku. Skoðum eitt dæmi:

There was a young lady named Bright,  
Who traveled much faster than light.  
    She set out one day  
    In a relative way  
And returned on the previous night.

Limrur voru fyrst ortar að einhverju marki á Íslandi um og eftir miðja 20. öld. Formið fengum við frá Bretum eins og fyrr segir en til að þetta nýja bragform festist hér í sessi varð þó að bæta inn stuðlasetningarreglum sem löngum hafa verið ómissandi í íslenskum kveðskap. Skoðum dæmi (ljóðstafir feitlettraðir):

**G**rösser **Ó. G**lerson & **P**last

fékk í gær nokkuð merkilegt kast:  
    allir, hvert sem hann sneri  
    voru úr gagnsæju gleri –  
nema gleraugun, í þeim var plast.

(Þorsteinn Valdimarsson)

Í þessu litla kveri munum við skoða limrurnar og kynna okkur reglur um það hvernig þær eru settar saman. Þær reglur eru ekki flóknar né margar. Reiknað er með að þeir sem læra þetta kver hafi áður unnið með bókina *Bragfræði fyrir unglíngastig grunnskóla*. Þar er farið yfir helstu reglur um stuðlasetningu og hér verður að einhverju leyti byggt á þeirri vitneskju auk þess sem nokkur atriði verða rifjuð upp og skýrð.

Í þeirri bragfræði sem þið hafið lært hefur allt verið miðað við vísur sem ortar eru undir rímnaháttum. Þær vísur byggjast á því að hver kveða er tvö atkvæði (með einstaka undantekningum). Í limrum er langoftast önnur hrynjandi. Venjan er sú að kveðurnar í limrunum séu þrjú atkvæði og forliðir þar eru stærri og fyrirferðarmeiri en þið hafið áður séð.

Limran er fimm línur. Fyrst eru tvær langar línur, venjulega þrjár kveður, þá koma tvær skammlínur sem ríma saman, hvor þeirra er tvær kveður og svo lokallínan sem er þrjár kveður og rímar við tvær þær fyrstu.

Eineygður óðinshani	= langlína	
var alltaf á fullu spani,	= langlína	
enda skrifari góður	= skammlína	
svo skemmtinn og fróður	= skammlína	
og háðfugl á hæsta plani.	= langlína	(Páll Jónasson)

Lögð verður sérstök áhersla á að fara vandlega yfir stuðlasetningu í limrum. Vegna þess að hrynjandinn er frábrugðin því sem tíðkast í vísun undir rímnaháttum hættir mörgum til að setja ljóðstafi þar sem áhersla er létt og þá missa þeir gildi sitt. Allt þetta verður skoðað af hinni mestu nákvæmni hér á eftir.

Þá er rétt að minna á þá staðreynd, sem þið eigið reyndar að þekkja úr fyrra bragfræðinámi, að það er mjög gott, eiginlega nauðsynlegt, fyrir þá sem ætla að ná tökum á bragreglum að læra nokkur vel valin dæmi utanbókar. Veljið nokkrar limrur, til dæmis úr þessari bók, og lærið þær svo vel að þið getið flutt þær blaðlaust án þess að hika. Slíkt nám er góð æfing fyrir heilann og hjálpar auk þess til við að ná tökum á bragfræðinni.



## Hrynjandi limrunnar

Eins og fram kom í formálsorðum byggjast braglinur limrunnar nánast alltaf á þríliðum. Skoðum nú dæmi:

1A

Það er bannað í Buanos Aires

að börn séu að leita sér færís






að sjá það í bókum

hvað sé undir brókum

á samskeytum kviðar og læris.

(Jóhann S. Hannesson)

Skiptum nú limrunni í kveður og skoðum byggingu hennar:



Forliðir eru algengir í limrum. Oft eru þar tvíkvæðir forliðir (þ.e. tvö atkvæði) vegna þess að ef stúfurinn í línunni á undan er aðeins eitt atkvæði er fullt rými fyrir tveggja atkvæða forlið í næstu línu á eftir. Skoðum dæmi:

1G

Þetta land, sem þið lítið nú hér,  
það var lánað til uppeldis mér.

    Það er hollt fyrir drengi  
    að hlaupa um engi,  
með himininn uppi yfir sér.      (Valgeir Sigurðsson)

Skiptum nú limrunni í kveður. Forliðir eru feitletraðir, stúfar undirstrikaðir:

1H

**Þetta** land, sem þið lítið nú hér,  
**það var** lánað til uppeldis mér.  
    **Það er** hollt fyrir drengi  
    að hlaupa um engi,  
**með** himininn uppi' yfir sér.

Í fyrstu línu er tveggja atkvæða forliður. Á tveimur öðrum stöðum eru tvíkvæðir forliðir, þ.e. í 2. og 3. línu. Línurnar á undan þeim enda á stúfum sem eru bara eitt atkvæði.

Skoðum nú aftur limru Jóhanns S. Hannessonar, 1A Allir stúfarnir eru tvíkvæðir og allir forliðirnir einkvæðir (þ.e. eitt atkvæði) nema í fyrstu línunni:

1I

**Það er** bannað í Buanos Aires  
**að** börn séu að leita sér færis  
    að sjá það í bókum  
    **hvað** sé undir brókum  
**á** samskeytum kviðar og læris.

Ef við setjum þessa limru upp eins og óbundið mál og skiptum henni þannig í kveður verður niðurstaðan forvitnileg:

Það er bannað í Buenos Aires að börn séu að leita sér færís að sjá það í bókum hvað sé undir brókum á samskeytum kviðar og læris.

Nú eru þríliðir í öllum hólfunum nema því fyrsta, þar er forliður, og því síðasta, þar er stúfur. Eins og fyrr var nefnt eru forliðir í rauninni síðasti hluti af síðustu kveðu línunnar á undan og það skýrist þegar við horfum á 1J Til skýringar hafa forliðirnir verið feitletraðir.

Rétt er að taka skýrt fram að ekki eru allir limruhöfundar svona nákvæmir. Oftast er miklu meiri óregla á forliðum og stúfum en hér er sýnt. En þetta er vissulega fallett.

### Verkefni:

- a) Skiptið eftirfarandi limrum í kveður, merkið sérstaklega forliði og stúfa:

Sérta fríður, er gróflega gaman  
að gera sig ljótan í framan  
með fettum og brettum  
og glennum og grettum.  
Ég geri það tímunum saman.

(Jóhann S. Hannesson)

Að Hallbirni heimanað reknum  
í hnipri hann lá út' á bekknum  
hjá lasburða tösku  
með leka í flösku  
og kött sem hann keypti í sekknum.

(Hlymrekur handan)

Í Seley fannst sjórekinn háfur;  
menn sögðu þar strax, „Þetta' er máfur.“  
Þeir trúá í blindni  
á frumleik og fyndni  
en fordæma hagnýtar gáfur.

(Jóhann S. Hannesson)



- b) Búið nú til ykkar eigin limrubraglínur. Hafið þrjár kveður í hverri línu og þrjú atkvæði í hverri kveðu. Gerið eina línu í einu til að byrja með og hafið þar tvo stuðla. Athugið að nú mega stuðlarnir standa í hvaða kveðum sem er af því að kveðurnar eru bara þrjár. Línan gæti til dæmis verið svona (stuðlar feitletraðir):

#### Orðskýringar:

Að Hallbirni heimanað reknum – þegar Hallbjörn hafði verið rekinn að heiman  
leki – vökvi (merkir gjarnan að lítið sé eftir, lögg)  
að kaupa köttinn í sekknum – að láta plata sig

Í þekknunum er þrjálaður gaur

eða

Kerlingin átti sér kött

eða

Nú syngur hún fúllynda Fríða

eða

Kennarinn kann ekki að tala



Í framhaldi af þessu gerið þið tvær línur sem ríma saman:

Kennarinn höfuðið hristi

og

Strákurinn stelpuna kyssti<sup>1</sup>

Þessar tvær síðustu gætu hugsanlega komið fyrir í sömu limrunni. Og nú eigið þið að halda áfram, næstu daga, að gera limrubraglínur um allt sem ykkur dettur í hug. Þetta gæti til dæmis vel ratað inn í hinar námsgreinarnar. Munið eftir að hafa tvo stuðla (sjá feitletur):

**T**veir sinnum fimm eru tíu.

**Þ**rír sinnum þrír eru níu.

Eða í Íslandssöguna:

**I**ngólfur Arnarson hvað?

**H**etjan var höggvin í spað.

1 Rífið upp reglur um gnýstuðla í *Bragfræði fyrir unglíngastig grunnskólans*, bls. 17-19.



## Forliðir og stúfar rekast stundum á

Eins og nefnt var í 1. kafla eru limruhöfundar alls ekki alltaf eins nákvæmir og dæmin þar segja til um. Í þessum kafla skoðum við ýmiss konar frávik.

Stundum eru stúfarnir aðeins eitt atkvæði:

2A

**Það** gerðist hér suður með sjó,  
**að** Siggi á Vatnsleysu dó,  
**og** ekkjan hans, þóra,  
**var** ekki að slóra,  
**til** útfarar-veislu sig bjó.

(Sigurður Þórarinnsson)

Stúfar í 1., 2. og 5. línur eru eitt atkvæði. Í línunum nr. 2 og 3 væri rúm fyrir tveggja atkvæða forlið en það rými er ekki nýtt enda fer ágætlega á því að hafa þar eitt atkvæði.

2B

**Það var** logndrífa' og ládaður sjór,  
**er hinn** látni í gröfina fór,  
**og** ekkjan með sjarmi  
**brá** svuntu að hvarmi,  
**menn** sáu að hryggðin var stór.

(Sigurður Þórarinnsson)

Hér er tveggja atkvæða forliður í 2. línu. Stúfurinn í línunni á undan er aðeins eitt atkvæði svo að þetta kemur ágætlega heim og saman.

### Orðskýringar:

logndrífa – snjócoma í kyrru veðri  
 ládaður sjór – sléttur sjór  
 hvarmur – augnalok

Skoðum fleiri dæmi:

2C

Körlunum Ásgerður ann  
en ekki þann rétta hún fann  
uns, pínlegt en satt,  
úti porti hún datt  
oná pípu- -lagninga- -mann.

(Hjálmar Freysteinnsson)

Hér er ekki forliður í fyrstu línunni. Í 4. og 5. línu eru tveggja atkvæða forliðir sem rúmast ágætlega því að allir stúfarnir eru einkvæðir. Þá er rétt að vekja athygli á því að fyrsta kveðan í 5. línu er tvíliður (*pípu-*). Algengt er að inn á milli þríliðanna í limrunum megi finna einn og einn tvílið. Þarna er það sama á ferðinni og þið lærðuð um í *Bragfræði fyrir unglingastig*, 10. kafla. Þar eru sýnd dæmi um að inn á milli tvíliðanna má oft sjá einn og einn þrílið. Nú hefur dæmið sem sagt snúist við. Hér er tvíliðum stungið inn á milli þríliðanna.

Stundum rekast saman tveggja atkvæða stúfar og tveggja atkvæða forliðir. Skoðum dæmi:

2D

**Það var** veisla og geysilegt gaman  
**og** gestirnir bjartir í framan  
**yfir** lystugum orðum  
**en** innst undir borðum  
**lá** eilífðin hnipruð saman.

(Kristján Karlsson)

Í 2. línu limrunnar er stúfur sem er tvö atkvæði og nú bregður svo við að í 3. línu er tveggja atkvæða forliður. Þetta er nokkuð algengt í limrum (og öllum hefðbundnum kveðskap). Ef þið hlustið grannt eftir því getið þið heyrt að strangt tekið er ekki alveg rúm fyrir tveggja atkvæða forlið í 3. línu en þetta gengur samt – og fyrirgefst algjörlega því að limran er svo vel gerð og skemmtileg.

Stundum eru alls engir forliðir:



2E

Andleysi, athyglis**bre**st,  
uppþembu, hjartslátt og **pe**st  
ættlæga **ga**lla,  
ilsig og **sk**alla  
limrurnar lækna **be**st.

(Hjálmar Freysteinnsson)

Hér eru stúfarnir á sínum stöðum (undirstrikaðir) en engir forliðir.

Og frávikin geta orðið stærri en þetta. Skoðum dæmi:

2F

**Sr.** Agli var ekki'um að **kvarta**,  
**og þegar** Ásgerður reif hann í **parta**  
**hann** barasta **byrjaði**  
**bóksöng** og **kyrjaði**:  
**Ó,** dýrð sé þér **dagstjarnan** **bjarta**.

(Vilfriður vestan)

Orðin | **og þegar** | eru einn forliður. Stundum eru forliðirnir svo fyrirferðarmiklir að freistandi er að ímynda sér að þeir séu fullburða kveður:

2G

**Það er** hörmung hvað **heitt er í** **Lima**;  
**í** húsunum sést varla **skíma**,  
**því** flest eru' án **glugga**  
**til að** fá einhvern **skugga**  
**og menn** fara' ekki út, nema' í **síma**.

(Jóhann S. Hannesson)

Í línunum 3 og 4 rekast á tvíkvæður stúfur og tvíkvæður forliður. Það sama gerist í línunum 4 og 5. En orðin | **og menn** | hljóta samt að vera einn forliður því að kveðurnar mega ekki vera nema þrjár og þær kveður koma þarna á eftir og fylla línuna, tveir þríliðir og tvíkvæður stúfur.

## Verkefni:

- a) Skiptið eftirfarandi limrum í kveður, merkið sérstaklega forliði og stúfa:

Ég geng út frá því sem gefnu  
að guð hafi skapað Hrefnu,  
þó ég geti' ekki séð  
neina meiningu með  
svo fráleitri framleiðslustefnu.

(Hermann Jóhannesson)

Eina limru ég læt herna flakka  
um skeggið á Brandi á Bakka<sup>2</sup>.  
Niður kjálkunum frá  
gegnum klof hans það lá  
og það endaði uppi í hnakka.

(Jónas Árnason)

Amma var indælis kelling  
sem eldaði lappunna vellings.  
Kunnast var þó  
þetta kerlingarhró  
fyrir hlandvolgan uppáhelling.

(Böðvar Guðlaugsson)

Í dinnernum Kata mig kyssti.  
Mér krossbrá og andlitið missti  
ég niður í gólf  
en náði um tólf  
að nudda því á mig – og gisti.

(Anton Helgi Jónsson)

- b) Haldið nú áfram að búa til braglínur. Þið sjáið að forliðirnir mega vera nokkuð fyrirferðarmiklir en þið verðið að muna að stuðlarnir mega aldrei vera í forliðunum.

### Orðskýringar:

kyrja – syngja

uppáhellingur – kaffi þegar hellt hefur verið

upp á sama korginn tvisvar

## Stuðlasetning í limrum

Í limrum gilda allar þær grundvallarreglur sem eiga við um stuðlasetningu í íslenskum brag. *Ljóðstafir* standa í áhersluatkvæðum, *stuðlar* í *frumlínum* og *höfuðstafir* í *síðlínum*.<sup>3</sup>

Fyrst skoðum við limru sem hefst á venjulegu braglínupari (ljóðstafir feitletraðir):

3A

Ég er þreyttur á því að gera<sup>4</sup>

og því vil ég hér fram bera

heitstrenging þá

að héðan í frá

ætla ég eingöngu að vera.

(Þórarinn Eldjárn)

Fyrstu tvær línurnar eru frumlína með tvo stuðla og síðlína með höfuðstaf í fyrsta áhersluatkvæði. Fyrri skammlínan (3. lína) ber einn stuðul (*h* í *heitstrenging* - línan er svo stutt að einn stuðull nægir), og seinni skammlínan (4. lína) er síðlína með höfuðstaf (*h* í *héðan*). Einnig er hægt að líta á skammlínurnar tvær sem eina frumlínu, sjá um 3B. Síðasta línan er *sérstuðluð* (stuðlarnir eru *æ* í *ætla* og *ei* í *eingöngu*). Í limrum er meira um sérstuðlaðar línur en þið hafið vanist í öðrum kveðskap. Sérstuðlaðar eru þær línur sem bera tvo stuðla en tengjast ekki næstu línu á eftir með höfuðstaf. Sérstuðlaðar línur eru þannig frumlínur án tengsla við síðlínu.

Næst lítum við á limru sem hefst á tveimur sérstuðluðum línur (ljóðstafir feitletraðir):

3B

Marga nóttina niða- dimma = *sérstuðluð lína*

útí kirkjugarð kjagar Bimma. = *sérstuðluð lína*

Hún kveðst halda þeim sið = *frumlína (fyrri hluti)*

því hún hressist svo við = *frumlína (seinni hluti)*

að horfa á draugana trimma. = *síðlína*

(Jónas Árnason)

### Orðskýringar:

kjaga – ganga  
þyngslalega

3 Þessum hugtökum (skáletruðum) getið þið flett upp í *Bragfræði fyrir unglíngastig grunnskólans*, bls. 11.

4 Í *Bragfræði fyrir unglíngastig grunnskólans* er kennt að annar stuðullinn verði að vera í 3. kveðu (bls. 12). Það á við í frumlínum sem eru fjórar kveður eða meira. Ef kveðurnar eru bara þrjár, eins og algengast er í limrum, mega stuðlarnir standa í 1. og 2. kveðu, 1. og 3. kveðu eða 2. og 3. kveðu.

Nú standa skammlínurnar tvær í rauninni eins og ein frumlína, stuðlarnir eru þá *h* í *halda* og *hressist*. Höfuðstafurinn er svo í síðustu línunni, *h* í *horfa*. Þetta skýrist betur ef við setjum línurnar þrjár upp eins og þær væru tvær:

3C

Hún kveðst **halda** þeim **sið** því hún **hressist** svo **við** = frumlína (annar stuðull í 3. kveðu)  
að **horfa** á **draugana** **trimma**. = síðlína (höfuðstafur fremst)

Mjög algengt er að stuðla þrjár síðustu línurnar eins og gert er í 3B. Athugið að fyrri línan í 3C er fjórar kveður og þess vegna verður annar stuðullinn að vera í 3. kveðunni. Og þið hafið lært að sérhljóðarnir stuðla hver við annan:

3D

Að **uppruna** **erum** við **norsk**,  
að **innræti** **meinleg** og **sposk**,  
**en** **langt fram í** **ættir**  
**minna** **útlit** og **hættir**  
á **ýsu**, **steinbít** og **þorsk**.

(Jóhann S. Hannesson)

Þessi limra er stuðluð á sama hátt og 3B nema að hér eru allir ljóðstafir sérhljóðar og svo er stuðullinn í 3. línu í seinni kveðunni.

Og ef við hugsum okkur að skammlínurnar tvær geti orðið að einni línu þá geta stuðlarnir í þeirri línu verið í seinni kveðunum tveimur:

3E

Hann **Bárður** í Svalvogum **brosti**,  
á **bjarndýri** reið hann í **frosti**.  
Þó endar sú saga  
í **mjög** hlýjum **maga**.  
Og þá var það **bangsi** sem **brosti**.

(Hrólfur Sveinsson)

Skammlínurnar hér eru ein sérstuðluð lína og ef við setjum þrjár síðustu línurnar upp eins og við gerðum í 3C skýrist málið:

3F

Þó endar sú saga í **mjög** hlýjum **maga**. = sérstuðluð lína (annar stuðull í 3. kveðu)  
Og þá var það **bangsi** sem **brosti**. = sérstuðluð lína

**Orðskýringar:**  
sposkur – háðskur

Til að þetta gangi upp með skammlínurnar tvær verður annar stuðullinn að vera í 3. kveðunni þegar búið er að setja línurnar tvær upp sem eina. Alls ekki gengi til dæmis að hafa skammlínurnar svona:

3G

Í mjög hlýjum maga

þó endar sú saga. (þessi stuðlun er óleyfileg)

Ef við hugsum skammlínurnar tvær sem frumlínu og síðlínu verður niðurstaðan sú að stuðlasetningin í 3G er röng. Þar vantar höfuðstafinn í síðlínunni.

Ef línurnar tvær eru settar upp sem ein kemur það sama út (línunni er skipt í kveður með strikinu):

3H

Í | mjög hlýjum | maga þó | endar sú | saga.

Hér er 3. kveðan *endar sú* og þar er enginn stuðull. Þess vegna gengur þetta ekki.

Af þessu getum við dregið eftirfarandi reglu um stuðlun í skammlínunum tveimur:

**Ævinlega verður að vera stuðull í fyrsta áhersluatkvæði seinni skammlínunnar.**

Nokkuð algengt er að í fyrri skammlínunni séu tveir stuðlar og höfuðstafur í þeirri seinni. Skoðum dæmi:

3I

Léttlynda Gunna á Glerá = frumlína

giftist samt Jóni á Þverá. = síðlína

Nú hoppa um húsin = frumlína

hálf annað dúsin = síðlína

af krökkum sem enginn veit hver á. = sérstuðluð lína (Ingvar Gíslason)

Hér er 3. línan frumlína með tvo stuðla og 4. lína er síðlína með höfuðstaf. Takið eftir því að í 5. línu stuðla saman *k* og *hv*. Víðast á landinu er *hv* fremst í orðum borið fram sem *kv*. Margir stuðla þess vegna *hv* við *k* eins og hér er gert.

Næst sjáum við sérkennilega stuðlun í skammlínunum:

3J

Hann **Sigurður** **sálugi** á **Vatni**, – = frumlína  
seint held ég **maðurinn** **batni** – = síðlína  
**bæði** **konum** og **köllum** = sérstuðluð lína  
**hann** **illt** gerði **öllum**, = frumlína  
af **einstakri** **vandvirkni** og **natni**. = síðlína (Vilfríður vestan)

**Orðskýringar:**

natni – iðni,  
vönduð  
vinnubrögð

Hér eru tvær fyrstu línurnar stuðlaðar á venjulegan hátt, frumlína og síðlína. En nú er fyrri skammlínan sérstuðluð, *k* í *konum* og *köllum*, og seinni skammlínan er með tvo stuðla, *i* í *illt* og *ö* í *öllum*, sem tengjast höfuðstaf í síðustu línunni, *ei* í *einstakri*. Þessi stuðlun á skammlínunum er leyfileg en afar sjaldgæf.

Eins og fyrir hefur komið fram geta forliðir aldrei borið ljóðstafi vegna þess að þeir eru áhersluléttir. Skoðum nú limru sem er þannig gerð að einhver gæti ruglast á þessu:

3K

Hún var **háleitust** **hvar** sem hún **stóð**  
og **háfættust** **meðan** hún **óð**  
**elginn** um **bæinn**  
**samt** **endaði** hún **daginn**  
á **endanum** **lárétt** og **hljóð**.

(Rögnvaldur Rögnvaldsson)

**Orðskýringar:**

vaða elginn –  
tala í sífellu

*H*-ið í *Hún* í byrjun fyrstu línunnar er ekki ljóðstafur. Orðin *Hún var* eru forliður.

Fyrsta áherslan kemur á fyrsta atkvæði orðsins *háleitust*.

Fyrir kemur að limruhöfundar hafa tvo stuðla í fyrri skammlínunni, höfuðstaf í þeirri seinni og svo annan tilsvareandi höfuðstaf í 5. línu. Þá eru ljóðstafirnir alls orðnir fjórir.



Ekki ber öllum saman um hvort þetta standist reglurnar en margar ágætar limrur eru svona gerðar og verður ekki amast við því hér:

3L

Ungur var **G**rettir með **g**ort  
við **g**límur og **a**lls konar **s**port,  
hann var **ó**lmhuga' og **ö**r  
hann var **ú**tlægur **g**jör,  
það var **a**llt fyrir **r**ítalín- **s**kort.

(Hjálmar Freysteinnsson)

Hér fylgjast að fjórir ljóðstafir; stuðlarnir *ó* í *ólmhuga* og *ö* í *ör* og svo tveir höfuðstafir: *ú* í *útlægur* og *a* í *allt*; síðlínurnar eru þar með orðnar tvær.

## Verkefni:

- Skoðið nú ljóðstafi í limrunum í 1. og 2. kafla.
- Skiptið eftirfarandi limrum í kveður, merkið sérstaklega forliði og stúfa og dragið hring um ljóðstafina:

Hann Sámur var geltinn í gær.

Á gamalær rauk hann tvær  
og elti þær heim.

Þá var hundur í þeim  
en rakkinn var orðinn ær.

(Björn Ingólfsson)

Einn bergrisi bústinn og pratinn

sem við næringaröflun var natinn

gleypti í hveli

fólkið á Felli

og mælti svo: „Takk fyrir matinn.“

(Jónas Árnason)

Hátíðin hún var að byrja.

Þá hrópar Steingerður Yrja;

„Svein vil ég ei,

ég segi sko NEI“.

Samt var nú enginn að spyrja.

(Hjálmar Freysteinnsson)

Ef birtist með vetrinum vandinn

er víturlegt ráð, segir landinn,

að stelast á brott

í strandlífið gott

og stinga þar hausnum í sandinn.

(Anton Helgi Jónsson)



### Orðskýringar:

pratinn – hress, seigur

- c) Búið nú til limruskammlínur á sama hátt og þið gerðuð lengri línurnar í 1. og 2. kafla. Skammlínurnar eiga að vera tvær kveður og sú fyrri er þrjú atkvæði en sú seinni getur sem best verið stúfur, eitt eða tvö atkvæði (má líka vera þrjú atkvæði, sjá 2F). Línurnar verða að sjálfsögðu að ríma saman. Svo verður að huga að stuðlasetningunni. Reglan er sú að stuðlar verða að vera að minnsta kosti tveir, mega vera þrír. Alltaf verður að vera stuðull í fyrsta áhersluatkvæði seinni skammlínunnar. Skammlínurnar gætu til dæmis verið svona:

Með **h**amslausa kæti  
og **h**asar og læti (sbr. 3A og 3B)

eða

að sjá þetta flón  
var **f**áránleg sjón (sbr. 3D)

eða

Nú **h**öldum við **h**eim  
eftir **h**rikalegt geim (sbr. 3I)

eða

við lærum að teikna  
og **r**ita og **r**eikna (sbr. 3E)

Búið nú til ykkar eigin skammlínur í samræmi við það sem hér er sýnt.

## Rím í limrum

Rím í limrum er oft svolítið lausbeislað miðað við það sem gerist í venjulegum hefðbundnum kveðskap. Skoðum dæmi:

4A

Ég sannlega sagt get hvað **blús er**  
því sérhæfing mín er sko **lúser**;  
þótt vinning ég fái  
og velmegun sjái  
til volæðis ávallt ég **fús er**.

(Anton Helgi Jónsson)

Rímorðin hér eru *blús er*, *lúser* og *fús er*. Svona rím er sjaldgæft í vísum undir rímnaháttum en algengt í limrum.

4B


Á Írlandi' er mikið af **mýrum**  
og þar ganga kviðmiklar **kýr um**.  
Og mér ljúft er að sjá  
að landinu á  
er slangur af ófullum **Írum**.

(Jónas Árnason)

Nú ríma saman *mýrum*, *kýr um* og *Írum*. Stundum eiga limruhöfundar það til að ríma saman þriggja atkvæða orð og tengingin verður oft svolítið út úr kortinu og nokkuð augljóst að orðin voru valin vegna þess að þau ríma, en ekki af því að þau séu hlaðin sérstakri merkingu eða boðskap. Skoðum aðra limru eftir sama höfund:

4C

Þrjátíu og þrjúþúsund **góðhesta**  
á þúfum þeir ala plús **stóðhesta**.  
En á næsta bæ, Tröð  
verður tamningastöð  
fyrir indverska fíla og **flóðhesta**. (Jónas Árnason)



### Orðskýringar:

slangur – slatti, dálítið af einhverju

Í sjálfu sér er ekkert athugavert við að tala um *góðhesta* og *stóðhesta* í sömu limrunni en þegar talið berst að *flóðhestum* í framhaldi af því fer lesandann að gruna að hér hafi efninu verið hagrætt til að koma rímorðinu að. Tekið skal fram að þetta þykir alls ekki til lýta heldur er þetta eitt megineinkenni á limrum. Þar eru efnistöð oft ansi galgopaleg – og eiga að vera það.

Stundum gætir ónákvæmni í limruríminu:

4D

Sjálfsagt leggst það nú **létt í þig**

en laginu út af það **setti mig**,

þegar ég fann

hér í firðinum mann

sem frikkaði þegar hann **gretti sig**.

(Hjálmar Freysteinnsson)

Strangt tekið rímar orðasambandið *létt í þig* ekki við *setti mig* og *gretti sig*. Í limrum er þó, eins og fyrr kom fram, hefð fyrir því að umgangast rímið af meiri léttúð en tíðkast í öðrum kveðskap og við það situr. Þetta er fyllilega frjálst og leyfilegt af því að þetta er limra.

### Verkefni:

Búið nú til rímorð að hætti limrusmiða. Látið ríma saman orð og orðasambönd og reynið að hafa orðavalið svolítið út úr kortinu, eins og tíðkast í limrum. Gott er að setja inn í sviga fyrir framan orðin tengiorð til að sýna hvernig þið hyggist tengja rímorðin merkingarlega. Skoðið dæmin hér fyrir neðan:

(ég hitti) *sundmann* – (sem grimman) *hund fann* – (og hræddur um) *grund rann*

(ég leiðir) *fer mínar* – (á leið til) *Berlínar* – (því lausnin) *er fín þar*

### Orðskýringar:

rann – hljóp

## Limrur, limrur, limrur

Skoðið nú limrurnar sem hér fara á eftir, skiptið þeim í kveður, merkið forliði og stúfa og dragið hring um ljóðstafi. Veljið svo nokkrar til að læra utanbókar.

5A

*Skyti*

Hvert skreppur öndin úr öndunum  
hvíslar andlegt hugboð að skytanum  
og hann litast um  
yfir engjunum  
með öndina í hálsinum.

(Þorsteinn Valdimarsson)

5B

*Tár*

Þar sem lækurinn rann og rann  
drúpti rós og lækurinn fann  
alveg niður í ós  
er hin rauða rós  
felldi regndropa niður í hann.

(Þorsteinn Valdimarsson)

5C

Þrösturinn settist á þúfuna  
(þessi með lausu skrúfuna),  
sprengmóður, sveittur  
og spurði mig þreyttur:  
„Hvar er þessi engill með húfuna?“

(Páll Jónasson)

5D

*Uppivaðsla*

Hún var skiljanleg heiftin í hananum  
þegar hæna ein brá út af vananum  
og gjörði svo vel  
að ganga með stél  
sem var stærra en stélið á hananum.

(Jónas Árnason)

### Orðskýringar:

skyti – sjá sem skýtur,  
veiðimaður  
drúpa – lúta höfði,  
beygja höfuðið fram  
á við  
heift – reiði

5E

*Úr limrubók JSH*

Það er almenningsálit í sveitinni,  
að ást séra Marteins á geitinni  
megi hreint ekki lá  
þegar lítið er á  
hve lík hún er Jórunni heitinni.

(Jóhann S. Hannesson)



5F

*Bibi ákveður að drifa sig á fætur*

Ég varla fæ breytt mínum vana nú.  
Út í vitleysu nýja ég ana nú  
því aldrei skal hikað  
við óráð né hvikað.

Ég er bara svona og hananú!

(Anton Helgi Jónsson)

5G

*Hulda mín leysir af sem birgðastjóri hjá Kaupfélagi Patreksfjarðar*

Að hagræða hlutum er brýnt;

ég hef á þeim skipulag fínt.

Á lagernum tóma

er lífið til sóma

og leitun að því sem er týnt.

(Anton Helgi Jónsson)

**Orðskýringar:**

að lá einhverjum eitthvað –  
ásaka einhvern, ég láí þér ekki –  
ég ásaka þig ekki

**Íslenskur kveðskapur á sér sögu sem rekja má allt aftur fyrir landnám. Hinn forni kveðskapararfur byggist á bragreglum sem nú á dögum eru hvergi til í lifandi máli nema hér á Íslandi.**

**Í þessari bók er að finna leiðbeiningar við gerð á limrum. Limrur eru upprunnar í Bretlandi. Þær bárust hingað til lands um miðja síðustu öld og hafa náð hér fádæma vinsældum. Formið hjá okkur er eins og hjá Bretum en við höfum bætt við hinni fornu studlasetningu og bókin fjallar að stórum hluta um regluverkid sem fylgir ljódstöfunum.**

**Höfundur bókarinnar er Ragnar Ingi Adalsteinsson. Hann er doktor í íslenskum fræðum. Hann skrifadi einnig bókina Bragfræði fyrir unglíngastig grunnskóla sem kom út hjá Námsgagnastofnun árið 2011.**